



Þema 2. bekkur

Tröll og fjöll

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Að nemendur:</p> <p><i>Reynsluheimur</i> Auki orðaforða sinn og þjálfist í að fletta upp lykilorðum. Þekki hvað fjöll eru og geti nafngreint nokkur íslensk fjöll. Átti sig á að fjöll eru ólík og hafi orðið til á ýmsa vegu. Kynnist ljóðum. Þjálfist í að skoða landakort. Þekki nokkrar íslenskar þjóðsögur. Kynnist þekktustu tröllunum, t.d. Gilitrutt.</p> <p><i>Hugarheimur</i> Skilji að saga þjóðarinnar er samofin landinu, brot af þjóðarsögunni er tengt hverju fjalli, fólki sem hefur þar búið, farið þar um, hræðst fjallið eða notið þess.</p> <p><i>Félagsheimur</i> Geri sér grein fyrir hvernig undirbúa á sig fyrir fjallgöngu. Þjálfist í samvinnu og heimildaleit.</p>	<p>Fræða nemendur um íslensk fjöll, helstu heiti, gerð, staðsetningu og sögu. Skipta nemendum í litla hópa sem vinna veggspjöld saman og styðjast við bókina <i>Komdu og skoðaðu fjöllin</i>. Æfa nemendur í framsögn. Rætt um hvað þarf að huga að þegar farið er á fjöll. Les saman ljóðið <i>Fjallganga</i>, farið í innihald texta. Skoði landakort á netinu og kortabókum.</p>	<p>Skoða myndir af fjöllum á Íslandi. Nemendur vinna veggspjöld í litlum hópum, skrifa upp texta um fjöll, myndskreyta. Stuðst við bókina <i>Komdu og skoðaðu fjöllin</i>. Kynna vinnuna fyrir bekknum. Nemendur vinna verkefni þar sem þeir þurfa að ákveða hvað þarf í fjallgöngu. Nemendur skrifa upp hluta ljóðsins <i>Fjallganga</i> og myndskreyta. Hlusta á sögur um tröll. Gera mynd og myndasögu um Gilitrutt. Gera pappírströll á veggmynd. Horfa á stuttmyndir um tröll.</p>	<p>Símat, vinnusemi og vandvirkni.</p>